

Skólaráð

1. fundur, 3. október 2019

Mættir: Sigrún Bjarnadóttir, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Svanhildur Ástþórsdóttir, Bergrún Grímsdóttir, Margrét Ludwig, Elísabet Stefánsdóttir, Ágústa M. Jónsdóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Sóley Erla Jónsdóttir, Ingibert Snær Erlingsson.

1. Reglugerð um skólaráð.
 - a. Sigrún B. segir frá handbók um skólaráð á fulltrúa skólaráðs. Handbókina má nálgast rafrænt [hér](#).
 - b. Skólaráð tekur fyrir starfsreglur skólaráðs að nýju í vor og gerir breytingartillögur miðað við nýútgefna handbók um skólaráð og reynslu vetrarins.
2. Skólabyrjun.
 - a. Skólastarfið farið vel af stað í haust.
 - b. Skólinn vel mannaður.
 - c. Rætt breytingar innan Kópavogs þar sem foreldrum er gert frjálst að velja sér skóla óháð því hver hverfisskólinn er.
3. Framkvæmdir.
 - a. Afhending á húsnæði gengið hratt, áætluð afhending um áramót
 - b. Framkvæmdum á skólalóð hefur seinkað. Þurfti óvænt að skipta um rör undir Digranesinu. Lóðin verður malbikuð og svo lokið framkvæmdum næsta vor. Sigrún B. hittir verktakana í vikunni og fær frekari fregnir.
 - c. Teikningarnar teknar fyrir á næsta fundi.
4. Starfsáætlun skólaráðs.
 - a. Farið yfir starfsáætlun skólaráðs.
 - b. Rætt að hafa opin fund skólaráðs í vetur. Mikilvægt að afmarka umræðuefnið. Rætt að sameina stefnumótunardaginn og opinn fund skólaráðs.
 - c. Opin fundur með nemendaráði um miðjan janúar.
 - d. Starfsáætlun skólaráðs samþykkt af skólaráði.
5. Starfsáætlun skólans.
 - a. Bæta við starfamessu foreldrafélagsins.
 - b. Farið yfir nokkrar athugasemdir.
 - c. Starfsáætlun samþykkt af skólaráði.
6. Önnur mál.
 - a. Vantar ljós á fótboltavöllinn í Hjalla - þörf á að hafa samband við Veitur.
 - b. Okkar Kópavogur - Mikið fjármagn - hvetja foreldra og nemendur í 10.bekk til að koma með hugmyndir og kjósa. Verkefnastjóri verkefnisins hittir nemendur í 10.bekk í BÍP og kynnir þetta fyrir þeim og veitir þeim aðstoð við að koma hugmyndum á framfæri ef þeir vilja.
 - i. Rætt þörf á hraðahindrunum, skiltum, merkingum og öðru sem eykur á öryggi gangandi vegfaranda í hverfinu.

- ii. Rætt þörf fyrir betri körfuboltavöll á skólalóðinni.
- c. Fræðslur fyrir foreldra.
 - i. Rætt að vera með fræðslufundi fyrir foreldra um ýmis málefni í samvinnu við foreldrafélagið.
- d. Foreldrarölt.
 - i. Hver bekkur tekur tvo föstudaga á skólaárinu. Verið mjög dræm þátttaka í Álfhólsskóla. Mikilvægt að taka á þessu.
 - ii. Snýst um að vera sýnileg.
 - iii. Foreldrafélagið óskar eftir því að kennari setji inn klausu í föstudagspóst þegar bekkurinn á röltið. Samfélagsleg ábyrgð. Snýst um að skapa ákveðna menningu í hverfinu. Ástæða fyrir foreldra til að hittast.